

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 20. mars 1970

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi eldsneytisgeyma fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

(70/221/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum, landbúnaðar-tækjum og vélbúnaði til opinberra verklegra framkvæmda.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

2. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki af ástæðum sem varða geyma fyrir fljótandi eldsneyti eða undirakstursvarnir ef þessi búnaður er í samræmi við kröfurnar í viðaukanum.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

3. gr.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Breytingar sem nauðsynlegar kunna að reynast á kröfum þessarar tilskipunar vegna tæknilegra framfara skulu, að frátöldum kröfunum sem um getur undir lið I, gerðar í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 um gerðarviðurkenningu ökutækja og eftirvagna þeirra.

Meðal tæknilegra krafna sem vélknúin ökutæki verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða geyma þeirra fyrir fljótandi eldsneyti og undirakstursvörn.

4. gr.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar við gildandi reglur eða í stað þeirra, einkum til þess að sú aðferð við EBE-gerðarviðurkenningu, sem kveðið var á um í tilskipun ráðsins frá 6. febrúar 1970 ⁽³⁾ um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra hvað snertir allar gerðir ökutækja.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

I. gr.

Gjört í Brussel 20. mars 1970.

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ öll vélknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjórum eða fleiri hjólum, sem eru hönnuð fyrir hámarks- hraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem

Fyrir hönd ráðsins,

P. HARMEL

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 160, 18. 12. 1969, bls. 7.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 48, 16. 4. 1969, bls. 16.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

VIÐAUKI

I. Geymar og varageymar fyrir fljótandi eldsneyti

- I.1. Eldsneytisgeymar verða að vera tæringarþolnir. Þeir þurfa að standast lekaprófanir sem framkvæmdar eru af framleiðanda við þrýsting sem jafngildir tvöföldum vinnuþrýstingi, þó aldrei við minni þrýsting en 1,3 bör. Allan umframþrýsting eða þrýsting sem fer yfir vinnuþrýsting þarf að jafna með hentugum búnaði (ventlum, öryggislokum, o.s.frv.) Ventlana þarf að hanna þannig að þeir komi í veg fyrir eldhættu. Eldsneytið má ekki komast út um lok eldsneytisgeymisins eða í gegnum þann búnað sem á að jafna umframþrýsting jafnvel þótt geymirinn snúist á hvolf. Leyfilegt er að dropi úr geyminum.
- I.2. Eldsneytisgeymum ber að koma þannig fyrir að þeir séu varðir fyrir afleiðingum af höggum á fram- eða afturhluta ökutækisins. Engir útstæðir hlutar, skarpar brúnir o.þ.h. leyfast nálægt geymunum.

II. Undirakstursvörn

- II.1. Ef meira en 1 metri er frá miðju aftasta öxuls til aftasta hluta ökutækis skal aftari hluti undirvagns eða aðalhluti yfirbyggingar ekki vera meira en 70 cm frá jörðu, eftir fullri breidd undirvagnsins.
- II.2. Ef þessu skilyrði er ekki fullnægt skal ökutækið búið undirakstursvörn sem fest er í samræmi við ákvæðin hér að aftan.
- II.3. Ákvæði um áfestingu undiraksturvarnar:
- II.3.1. Sú hlið undiraksturvarnar sem snýr niður skal vera minna en 70 cm frá jörðu þegar ökutækið er óhlaðið.
- II.3.2. Þar sem undirakstursvörn er fest á skal hún ekki vera breiðari en ökutækið og ekki meira en 10 cm mjórri hvorum megin.
- II.3.3. Undirakstursvörn skal fest á svo nærri afturenda ökutækisins sem mögulegt er og aldrei meira en 60 cm frá aftasta punkti þess.
- II.3.4. Ekki er heimilt að beygja enda undiraksturvarnar afturábak.
- II.3.5. Undirakstursvörn skal fest á traustan hátt við langbita undirvagns eða það sem er í stað hans.
- II.3.6. Undirakstursvörn skal hafa svigþol sem er jafnmikið og stálbiti með þversniði sem hefur svigþolvægið 20 cm³.
- II.4. Þrátt fyrir undanfarandi kröfur er ekki skylt að festa undirakstursvörn á ökutæki af eftirfarandi gerðum:
- tengivagnadráttarvélar;
 - stórtimbursvagna eða annars konar eftirvagna sem ætlaðir eru til flutninga á trjábolum eða öðrum mjög löngum hlutum;
 - ökutæki sem er ekki hægt að setja undirakstursvörn á vegna fyrirhugaðrar notkunar þeirra.